

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu um dag- og náttmerki á skipum. — Að gefnu tilefni skal yður, herra sýslumaður hjer með til vitundar gefið, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að reiðafelld fiskiskip, sem lagt er mannlausem til vetrarlegu við land, út úr venjulegri skipalegu og skipaleið, verða ekki álitin falla undir fyrirmæli 5. greinar a. í tilsk. 26. sept. 1890 um að alþjóðlegum sjóferðareglum skuli fylgt á íslenskum skipum, og ber því eigi að heimta dag- og náttmerki á slíkum skipum, sem lagt er til vetrarlegu á Hafnarfirði, ef þeim er lagt svo, sem að framan greinir, á þeim stað, er þjer ásamt hafnsögumanninum veljið og vísið á til vetrarlegunnar. 18. nóv.

Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um toll af sykri. — Fyrirspurn sýslumannsins um það, hvort kaupmaður nokkur á Sauðárkrók yrði skyldaður til að greiða toll af 295 pd sykurs, er talin voru send honum á tollskrá og *manifesti* skipsins »Thyra« í síðustu ferð, en sem vissa var fyrir, að hann hafði ekki fengið, með því að varan fannst ekki í skipinu við komu þess til Sauðárkróks, svarað neitandi. 30. nóv.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um fast reikningsform fyrir sparisjóði. — Eins og yður, herra amtmaður, er kunnugt, hefur það jafnan verið haft í skilyrðum, þegar sparisjóðum hjer á landi hafa af landshöfðingja verið veitt hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, að sparisjóðirnir sendu hingað eptirrit af reikningum sjóðanna, þegar búið er að semja þá í lok hvers árs eður reikningstímabils, ef reikningstímabilið eigi fellur saman við almanaksárið. Þessum fyrirmælum hefur reyndar optast verið fylgt, en stundum að eins að nafninu til, því eigi sjaldan hafa reikningar þessir verið svo óljósir og ófullkomnir, að enga greinilega hugmynd hefur verið unnt að fá um hag sjóðanna, og margra atriða eigi verið getið í reikningunum, er talsverða þýðingu getur haft að fá upplýsingar um, og sem eru skilyrði fyrir því, að hægt sje að fá viðunanlegar hagfræðislegar skýrslur um sparisjóðina. 30. nóv.

Út af þessu hef jeg samkvæmt heimild þeirri, er mjer er til þess veitt í ofanefndri tilskipun, álitíð það nauðsynlegt, að fyrirskipa fast form fyrir reikningum þeirra sparisjóða, sem njóta þeirra hlunninda, er nefnd silskipun ræðir um, og skal jeg hjer með. um leið og jeg sendi yður, herra amtmaður, sýnishorn af reikningsformi þessu, þjónustusamlega skora á yðar að leggja fyrir stjórnir allra slíkra sparisjóða í umdæmi yðar, að haga reikningsfærslu sinni nákvæmlega eptir þessu formi, þannig að bæði sjeu samdir og sendir hingað reikningar yfir tekjur og gjöld sjóðanna fyrir hlutaðeigandi reikningstímabil og auk þess jafnaðarreikningar yfir ástandið í lok reikningstímabilsins, svo að jafnan sje hægt að hafa sem ljósast yfirlit yfir allan fjárhag sjóðanna, og mun veiting ofanefndra hlunninda eptirleiðis verða bundin því skilyrði, að þessu reikningsformi sje fylgt af hálfu sparisjóðanna.

31. dag desembermán. 1892.